

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Laugavegur milli Rauðarárstígs og Snorrabrautar***

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi:

- Bann við akstri vélknúinna ökutækja á Laugavegi milli Rauðarárstígs og Snorrabrautar. Undanþeginn banninu er annars vegar akstur Strætó og hins vegar akstur vegna vöruafgreiðslu klukkan 7-11 virka daga og 8-11 á laugardögum.

Ofangreint verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð:

Framkvæmdir eru að hefjast á breytingu Laugavegar milli Hlemms og Snorrabrautar í samræmi við nýtt deiliskipulag Hlemmtorgs. Deiliskipulagið gerir einungs ráð fyrir akstri vegna vöruafgreiðslu og viðbragðsaðila á torginu, en Strætó mun halda áfram akstri vestur fyrir Hlemm meðan framkvæmdir eru ekki hafnar á því svæði.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*

Hjálagt:

1. Skýringarmynd af Laugaveg milli Rauðarárstígs og Snorrabrautar, tillagan nær til svæðisins sem merkt er með rauðu.

